

Skilapenni 154
28. apríl 1958

Jarðhitadeild

Þorlákshöfn, Ölfusá, hiti í Sogi

Varðandi fyrirspurnir yðar í gær.

Þorlákshöfn

Hér með fylgir kort af Þorlákshöfn, 0-lína er lægsta fjöruborð við stórstraumsfjöru. Vatnamælingarnar fengu kortið hjá vitamálastjóra nú í dag.

Þverstrikuðu hlutarnir eiga að sýna hafnarmannvirkin eins og þau eru nú.

Vitamálastjóri sagði, að 2000 tonn skip gætu athafnað sig í Þorlákshöfn, en þó aðeins í góðu sjólagi, jafnvel starri skip, þegar best væri að sumrinu (ath. Hekla er 1400 tonn og Hvassafell 1600).

Tillaga er komin fram að lengja hafnarmannvirkin, sjá langstrikaða hluta teikningarinnar. Ríkisstjórnin hefur það til athugunar og er komið tilboð í það verk frá þýzka firmanu Hoectief. Ef það yrði gert, gæti 10 000 tonna skip athafnað sig í Þorlákshöfn, því að þá yrði dýpið við bryggjuhausinn 8 til 9 m. Skip yrðu þó ekki örugg þarna, því að Þorlákshöfn liggur fyrir opnu hafi eins og kunnugt er.

Óstrikaði hluti hafnarmannvirkja, sem sýndur er á teikningunni, eru tillögur um stórfelldari hafnarframkvæmdir síðar meir.

Ölfusá

Heimildarmenn: Hjalti Þorvarðsson, Selfossi, trúnaðarmaður vatnamælinganna, Karl Þorláks, Hrauni, og Vigfús Jónsson, Eyrarbakka.

Klökk er í ósnum eins og fram kemur á meðfylgjandi teikningu frá vegamálastjóra.

Innan við ósinn er áin í álum, dýpsti állinn liggur upp með vesturlandinu. Annars eru álarnir mjög breytilegir, breytast jafnvel frá degi til dags. Dýpið er ekki yfir 2 til 3 metrar og erfitt yrði að þræða svo djúpan ál upp að Hrauni, aðeins möguleiki á því, þegar hásjávað er, en aðfalli gætir þá upphjá Arnarbæliseyjum.

Innan við ósinn þrýtur klöppin strax og þar er sandur í botni, en út af Hamraendum (sunnan við Hraun) eru smá klettaeyjar í ánni, að öðru leyti er sandur í botni og við ána.

Venjulegast er mikill bringarður úti fyrir árósum.

Dýpsti állinn yrði ekki þræddur nema settar yrðu niður stangir eða önnur siglingamerki.

Sogið

Hér með fylgir línurit, er sýnir hitann í Soginu hjá Ljósafossi sl. 4 ár. Línuritið er teiknað eftir ljósmyndum af dagbókum rafstöðvarinnar.

Virðingarfyllst,

Innl.:

Teikn. Þorlákshöfn

" Ölfusá, brúarstöði

" Sogið, hiti